

**VEIÐIMALASTOFNUN
VESTURLANDSDEILD**

FISKIRANNSÓKNIR VALSHAMARSA

LÍFISSKILYRÐI

Að heildni jarðeigenda við Valshamarsá á Skógarströnd voru fiskirannsóknir gerðar fyrir 1. juli 1986. Heilstu með mið rannsóknanna voru að athuga um með tilisti til lífiesskilyrða fyrir lax og ráðgjöf um innrækt í Anní í höldum rannsóknar. Anní hefur ekki verið rannsoktur en var því um frumrannsókn að ræða.

LÍFISSKILYRÐI

Valshamarsá er lítil drápl sem myndar meðum óppunum á laufundi í 100-200 m hæð yfir sjó. Það er laftin fiskgengu n.p.o. 3 km að svokallaðu "Laxá" ó甘na braerstöði á Anní (Mynd 1). Valshamarsá er lítil og í því er ekki verið mælt, en Það er lítil og í því er ekki verið mælt, en

VALSHAMARSA

Fiskirækt hefur nánari fiskirannsóknir og l.d. var 6000 sumarþíðum seðum slappur. Þá fiskiræktin á ofiskgengum hluta og 1983 var 1000 níðungarnar fiskiræktar. Seðum 25. október Árinnað hefur ekki verið mælt.

ADFERDIR

SIGURDUR MAR EINARSSON

Það var athugð frá miðri júní að svokallaðu Bellanda og botnagerð og straumirinn voru ógottar og þessir tvær þettir segja mikil til um uppeidis- og hrygningsareksýrði fyrir lax. Seðin velja sér þennig búsvæði aftir aldrð. Á fárraðum heinsí þrifast minni seðið vel, en þau fiskirin sig henni vegar á grýttari hein er þau óskra. Álmundur eða eru grýtt brot því bestu uppeidisvæðin þau eru næsta skjóðið og fóðan er fyrir hendi.

Hittastig og refleisoni var að meðal meikvarði að styrkleika með grófor meikvarði á frjósundum.

VEIÐIMALASTOFNUN

VEIÐIMALASTOFNUN

Hinnig voru seðdarannsóknir gerðar með refleysuveitum um með lífiesskilyrðina, seðið spettis þetta ekki með reiknadrar með þeim ferkostum um refleysuveitum. Heildarspáðinum var að 1000 mældum, en heildarstofnunum tímabundinum fólk ófyrirvara um ófyrirvara um

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/86010

Borgarnesi, nóvember 1986

**Unnið fyrir
jarðeigendur við
Valshamarsá**

FISKIRANNSÓKNIR I VALSHAMARSA

1. INNGANGUR

Að beiðni jarðeigenda við Valshamarsá á Skógarströnd voru fiskirannsóknir gerðar í ánni 14. júlí 1986. Helstu markmið rannsóknanna voru að athuga ána með tilliti til lífsskilyrða fyrir lax og ráðgjöf um laxarækt í ánni í kjölfar rannsókna. Áin hefur ekki verið rannsokuð áður og var því um frum-rannsókn að ræða.

2. UMHVERFI

Valshamarsá er lítil dragá sem er að mestu upprunnin á láglendi í 100-200 m hæð yfir sjó. Áin er talin fiskgeng u.p.b. 3 km að svokallaðri Gjá út við gamla brúarstæðið á ánni (Mynd 1). Vatnsmagn árinnar hefur ekki verið mælt, en áin er lítil og í þurrkum getur hún orðið mjög vatnslitil.

Fiskirækt hefur nokkuð verið stunduð og t.d. var 8000 summaröldum seiðum sleppt í ána 1982 á ófiskgengan hluta og 1983 var 1000 niðurgönguseiðum sleppt. Seiðum af stofni árinnar hefur ekki verið sleppt í ána.


3. ADFERÐIR

Ain var athuguð frá ósi fram að svokölluðu Sellandi og botngerð og straumlag árinnar metið, en þessir tveir þættir segja mikið til um uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax. Seiðin velja sér þannig búsvæði eftir stærð. A fingerðum botni þrifast minni seiði vel, en þau flytja sig hins vegar á grýttari botn er þau stækka. Almennt séð eru grýtt brot því bestu uppeldissvæðin þar sem mesta skjólið og fæðan er fyrir hendi.

Hitastig og rafleiðni var einnig mælt. Rafleiðni er grófur mælikvarði á styrkleika næringarjóna í árvatnini og er því grófur mælikvarði á frjósemi árinnar.

Einnig voru seiðarannsóknir gerðar á 6 stöðum í ánni (Mynd 1) með rafmagnsveiðum en með þeim er aflað gagna um-tegundarsamsetningu, seiðapéttleika og vöxt seiða. Seiðapéttleiki var reiknaður með því að umreikna það seiðamagn sem fékkst í einni rafveiðiyfirferð á 100 m² botnflatarmáli. Heildarþéttleiki var því ekki mældur, en það krefst mun timafrekari aðferða. Óll seiði voru lengdarmæld og af hluta aflans voru tekin sýni til aldursákvarðana.

MYND 1
Vatnasmæði Valshamarsá.
Staðsetning veiðistaða er sýnd með númerum.



4. NIÐURSTODUR

4.1 BOTNGERÐ OG STRAUMLAG

Botngerð og straumlag árhlutans frá ós að Gjánni er viðast eins og best verður á kosið hvað uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax varðar. Þar er þó undanskilinn sá kafli þar sem áin fellur í gljúfrinu. Áin er óll smágrýtt til stórgrytt og hefur að þessu leyti kjörskilyrði fyrir laxaseiði.

Árhlutinn fyrir ofan Gjá var ekki athugaður nema að hluta til. Botn er þar á köflum mun fingerðari en fyrir neðan Gjá, en góðir kaflar eru þó á milli. Hrygningarskilyrði eru viðast hvar góð.

4.2 VATNSHITI OG RAFLEIDNI

Mælingar á vatnshita árinnar og rafleiðni koma fram í töflu 1.

TAFLA 1 VATNSHITI ($^{\circ}$ C) OG
 RAFLEIDNI (μ s) I VALSHAMARSA 14. JULI 1986

<u>Stöð</u>	<u>Tími</u>	<u>Vatnshiti</u>	<u>Rafleiðni</u>	<u>H25</u>
3	15 $^{\circ}$ 0	11.6	51.3	66
1	16 $^{\circ}$ 0	11.0	56.0	74

Vatnshiti árinnar var hár þennan daginn. Ekkert verður af þessum mælingum sagt til um hitafar árinnar en líklega er áin fremur hlý, þar sem hún er að mestu upprunnin á láglendi og einnig er vatnsmagnið litið, þannig að áin hlýnar líklega vel á sumrin. Rafleiðni var há og frjósemi líklegast góð.


4.3 SEIDARANNSÖKNIR

Seiðapéttleiki eftir tegundum og veiðistöðum er sýndur í töflu 2 og einnig er lengdardreifing og aldur seiðanna sýndur á mynd 2.

Lax og urriði eru einráðir í ánni. Engin bleikja er til staðar, en vart varð við ál á stöð 6 fyrir neðan Valshamar.


Péttleiki laxaseiða fyrir neðan Gjá var nokkuð svipaður milli stöðva og mældist milli 12-18.8 seiði per. 100 m². Klak (vorgömul seiði) fannst aðeins á neðstu stöðinni (stöð 6). Þetta er þó alls ekki marktækt og segir ekkert til um afkomu pessa árgangs, þar sem veitt var snemma sumars og seiðin tiltölulega nykomin upp úr mölinni. Eins árs seiði (árgangur 1985) fundust í mjög litlu magni og verður að álykta að þessi árgangur sé veikur. Hrygning árið 1984 virðist því hafa verið lítil eða misfarist af einhverjum ástæðum. Tveggja ára seiði (árgangur 1984) voru alls staðar í mjög miklu magni og er sá árgangur mjög sterkur og ætti að

MYND 2
Lengdardreifing og aldur laxfiskaseiða í Valshamarsá
14. júlí 1986



MYND 3

Vöxtur laxaseiða í Valshamarsá eftir veiðistöðum.



skila sér vel i ánni sem kynþroska lax er þar að kemur. Þriggja ára seiði (árgangur 1983) voru einnig í nokkru magni einkum á neðstu stöðinni. Ofar i ánni varð minna vart við hann og gæti það verið að þau hafi verið farin úr ánni, en vöxtur er betri er ofar dregur (Mynd 3).

TAFLA 2

PETTLEIKI LAXFISKASEIDA
(FJOLDI I EINNI YFIRFERD/100 M²) EFTIR
VEIDISTODUM I VALSHAMARSA 14. JULI 1986

Stöð Sv. m ²	Lax						Urriði					
	0+	1+	2+	3+	4+	Alls	0+	1+	2+	3+	4+	Alls
1 304	-	-	3.6	-	-	3.6	-	3.2	2.0	1.3	0.3	6.8
2 198	-	-	12.1	-	-	12.1	-	0.5	1.0	-	-	1.5
3 600	-	-	8.3	1.0	0.2	9.5	-	-	-	0.2	0.2	0.4
4 442	-	1.4	9.3	0.9	0.4	12.0	-	0.2	-	-	-	0.2
5 400	-	0.3	11.0	6.0	-	17.3	-	-	-	-	0.2	0.2
6 363	4.4	0.3	8.0	6.1	-	18.8	-	-	-	-	-	0.0

Fyrir ofan gjá eru eingöngu tveggja ára seiði i ánni (árgangur 1984) sem er afrakstur hrygningar árið 1983. Því er ljóst að Gjáin svonefnda er fiskgeng og þá sennilega í miklu vatni eins og var 1983. Vöxtur seiðanna er betri fyrir ofan Gjá en fyrir neðan og framleiðir sá hluti gönguseiði á 3 árum, en fyrir neðan eru seiðin mest 4 ára. Gæti þetta staðið í sambandi við meiri seiðabéttleika er neðar dregur sem gæti dregið úr vexti fyrir neðan Gjá.

Nokkuð er um urriða i ánni og er hann einkum fjölmennur fyrir ofan Gjá. Hugsanlega verður hann undir í samkeppninni við laxaseiði fyrir neðan Gjá. Nokkuð varð vart við ránurriða og fundust nokkrir fiskar sem voru að éta laxaseiði.

5. ALYKTANIR5.1 SEIDADREIFING

Ljóst er að magn laxaseiða eykst er neðar dregur i ánni, einkum er komið er niður fyrir Gjá. Þá er athyglisvert að árgang 1985 vantar að mestu í ána. Eg tel að skýringin á þessu geti legið í vatnsmagni árinnar. T.d. er líklegt að fiskur komist ekki á efta svæðið nema í miklu vatni. Einnig gætu burrkasumur t.d. eins og 1985 valdið því að fiskur gangistatt upp ána og hrygningar- og uppeldissvæði ofar í ánni nýttust því ekki sem skyldi. Skilyrðislaust ætti að gera Gjána betur fiskgenga og ætti að vera hægt að gera það með litlum tilkostnaði. Einnig er heppilegt að gera miðlun í ána ef þess er nokkur kostur. Slikt mundi hjálpa fisk að ganga fyrr og hraðar upp ána og öll áin myndi nýtast betur bæði, sem veiðiá og til seiðauppeldis.

5.2 SEIDASLEPPINGAR

Að öllu jöfnu ætti ekki að sleppa sumaröldum laxaseiðum í ána, nema ef viðkomubrestur verður, því áin er að öllu jöfnu fiskgeng. Eg tel þó rétt að heimila smáseiðasleppingar á svæðið fyrir ofan Ggjá, en þar vantar nú lítil seiði. Ef fiskur hins vegar nær að hrygna árvísst fyrir ofan Gjá þarf þess að sjálfsögðu ekki. Arlegar seiðarannsóknir væru æskilegir fyrir ofan Gjá til að fylgjast með hvernig hrygning hefur tekist meðan fiskur á erfitt með að ganga á eftir svæðið. Sleppa mætti 5-6000 þúsund sumaröldum seiðum á svæðið til að gjörnýta uppeldissvæðið.

Ef eðlileg afkoma er á seiðum í ánni á ekki að beita sleppingu sumaralinnar laxaseiða. Ef menn vilja fá meiri fisk í ána, er þá einnig hægt að beita sleppingu gönguseiða. Þeim á að sleppa í júni og fóðra þau í ca. 1 mánuð fyrir sleppingu. Útbúa verður sleppipró eða sleppikví til að geyma seiðin í, en aldrei á að sleppa þeim beint.

Að lokum skal bent á að ef sleppingar eiða sér stað, er best að fá seiði af stofni árinna. Ef þess er enginn kostur er skást að fá seiði úr nálægri á, en aldrei frá öðrum landshlutum.

Veiðimálastofnun er fús til ráðgjafar um öll fiskiræktaráform sem jarðeigendur kunna að hafa í hyggju að gera í framtíðinni.